

# Aðkoma Íslenskrar ættleiðingar að fjölskyldusameiningum

Félagsmálaráðuneytið og Íslensk ættleiðing hafa gert með sér tímabundinn samning um stuðning við flóttafólk sem er að sameinast fjölskylduböndum hér á landi.

Markmið verkefnisins er stuðningur við fagaðila og flóttafólk sem hefur fengið umsókn sína um fjölskyldusameiningu samþykkt af Útlendingastofnun.

- ÍÆ veitir sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum sem vinna að fjölskyldusameiningu flóttafólksins fræðslu og ráðgjöf eftir þörfum.
- Íslensk ættleiðing veitir flóttafólki sem sameinast kjarnafjölskyldu sinni hér á landi ráðgjöf og stuðning þeim að kostnaðarlausu. Ráðgjöfin skal standa flóttafólki til boða í aðdraganda fjölskyldusameiningar, sem og eftir að fjölskyldan hefur sameinast hér landi.

Undirbúningur vegna fjölskyldusameininga er mikilvægur og huga þarf að tengslum sem hafa rofnað.

- Undirbúa þarf foreldra fyrir fjölskyldusameiningu með fræðslu og fjölskyldumeðferð í ljósi þess að oft er um langan aðskilnað að ræða og fólk þarf aðstoð við að byggja upp rofin tengsl. Fjölskyldumeðlimir detta ekki endilega í sama hlutverk og stöðu í nýjum aðstæðum. Það getur verið ákveðið áfall fyrir foreldra/fjölskyldur að fá börnin aftur eftir aðskilnað.
- Undirbúa þarf börn fyrir fjölskyldusameiningu í samræmi við aldur þeirra. Ákveðið áfall getur verið fyrir börnin að koma og sameinast foreldrum eftir langan aðskilnað. Passa þarf að kröfur til barna séu ekki einungis í samræmi við aldur þeirra, heldur þarf að taka tillit til fortíðar, áfallasögu og bakgrunns barnanna.
  - Skoða þarf hvaða væntingar foreldrar og börn hafa til fjölskyldusameiningarinnar, hvort þær séu raunhæfar.
- Aðstoða þarf fjölskylduna við að aðlagast inn í íslent samfélag
  - Skólar gegna þar lykilhlutverki. Undirbúa þarf skóla undir fjölskyldusameiningu og skoða hvaða væntingar/kröfur er eðlilegt að gera til barns, foreldra og fjölskyldna. Farið er með fræðslu inn á kennarafund í skóla.
  - Félagsþjónustan og þjónustumiðstöðvar gegna einnig lykilhlutverki. Fræðsla og stuðningur stendur starfsfólki til boða komi til fjölskyldusameiningar.

Verkferlar:

1. Sótt er um fjölskyldusameiningu hjá UTL.
2. RKÍ aðstoðar flóttafólk við að undirbúa umsókn og afla gagna vegna umsóknarinnar.
3. Þegar um fylgdarlaus börn er að ræða aðstoða málstjórar við að undirbúa umsókn og afla gagna. Fjölmenningarsetur veitir málstjórum upplýsingar og stuðning.
4. UTL upplýsir Fjölmenningarsetur þegar umsókn um fjölskyldusameiningu er samþykkt.
5. Fjölmenningarsetur vísar máli til tengiliðs Íslenskrar ættleiðingar með tölvupósti.
6. Íslensk ættleiðing hefur samband við viðkomandi og býður viðtal.
7. Hvert mál er metið fyrir sig og viðtöl veitt eftir þörfum. Miðað er við a.m.k:
  - Eitt viðtal fyrir sameiningu.
  - Eitt viðtal viku eftir sameiningu.
  - Eftirfylgd mánuði eftir sameiningu.
  - Seinni eftirfylgdarviðtal þremur mánuðum eftir sameiningu.
  - Frekari þjónusta og viðtöl eru veitt eftir þörfum.
  - Fræðsla og stuðningur til leikskóla og grunnskóla.
  - Fræðsla og stuðningur til starfsfólks félagsþjónustu sveitarfélaga.